

sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dómara þeim, sem kveður upp dóm þennan, var falin meðferð máls þessa 8. desember s.l.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörleifur Jónsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra ævilangt. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dóms-ákvæðis.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Þriðjudaginn 22. janúar 1974.

Nr. 61/1972: Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs

(Skúli J. Pálmason hrl.)

gegn

Skúla Pálssyni

og gagnsök

(Sveinn Snorrason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson.

Skaðabótamál. Stjórnsýsla. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Íðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. maí 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. apríl s. á. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. maí 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér kr. 238.500.00 auk 8% ársvaxta af kr. 119.250.00 frá 1. október 1965 til 30. september 1966 og af kr. 238.500 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi.

Með bréfi 10. apríl 1951 til landbúnaðarráðuneytisins fór gagnáfrýjandi þess á leit, að honum yrði leyft að flytja til landsins nokkurt magn af regnbogasilungshrognum. Kvaðst gagnáfrýjandi ætla að „rækta fisktegund þessa í sérstaklega tilbúnum tjörnum, þangað til fiskurinn hefir náð ákveðinni stærð fyrir sölu á erlendum markaði“. Þá lýsir gagnáfrýjandi því í bréfi þessu, að hann muni hlíta fyrir mælum og reglum, sem sett kunní að vera um atvinnurekstur þennan. Ráðuneytið veitti hið umbeðna leyfi hinn 14. og 16. apríl 1951 með ýmsum skilyrðum, svo sem greinir í héraðsdómi. Kveðst gagnáfrýjandi hafa flutt til landsins regnbogasilungshrogn vorið 1951 í skjóli leyfa þessara, og voru hrognin klakin út í fiskeldisstöð hans. Ræktaði hann silunginn og kom upp stofni regnbogasilungs í eldisstöð sinni.

Með bréfi 15. júlí 1954, sem tekið er upp í héraðsdóm, tilkynnti landbúnaðarráðuneytið gagnáfrýjanda, að honum bæri að gæta ýmissa nánar tiltekinna varúðarráðstafana við ræktun og meðferð regnbogasilungs. Er þar m. a. tekið fram, að regnbogasilung og regnbogasilungshrogn megi ekki flytja úr fiskeldisstöðinni nema með sérstöku leyfi ráðuneytisins. Af hálfu gagnáfrýjanda eru eigi bornar brigður á lögmæti þeirra skilmála og varúðarráðstafana, sem felast í bréfi þessu, og eigi heldur lögmæti skilyrða, sem ráðuneytið setti fyrir leyfi sínu um innflutning hroгна árið 1951.

Á árunum 1955 og 1956 fór fram rannsókn á heilbrigði regnbogasilungsstofns þess, sem var í eldisstöð gagnáfrýjanda. Komu eigi í ljós neinir hættulegir sjúkdómar. Sérstaklega er þess getið, að leit hafi verið gerð að kýlaveikissmitberum. Taldi veiðimálastjóri, að líkur væru innan við 1% á því,

að kylaveiki væri í stöðinni, og kvað yfirdýralækni vera þeirrar skoðunar, að svo mikið öryggi væri fengið með rannsókninni, „að óþarft sé að hafast frekar að“.

Í tilefni af framangreindri rannsókn var eldisstöð gagnáfrýjanda einangruð, og var með bréfi landbúnaðarráðuneytis til gagnáfrýjanda hinn 13. ágúst 1955 sett „bann við flutningi á lifandi fiskum og hrognum“ frá stöð hans, uns athugun hefði farið fram, nema leyfi ráðuneytis kæmi til. Þessu banni var létt af með bréfi sama ráðuneytis til gagnáfrýjanda hinn 23. júlí 1956, en jafnframt ítrekaði ráðuneytið fyrirmæli sín um, að eigi mætti flytja regnbogasilung úr eldisstöðinni, nema með leyfi ráðuneytisins hverju sinni.

Gagnáfrýjandi seldi nafngreindum manni í Hafnarfirði nokkurt magn af regnbogasilungshrognum á árinu 1958, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Verður við það að miða samkvæmt málflytningi, að leyfi landbúnaðarráðuneytisins hafi komið þar til. Þá seldi gagnáfrýjandi öðrum manni „nokkra lifandi regnbogasilunga“, er hafa skyldi í gosbrunni í garði hans, og leyfði landbúnaðarráðuneytið það 13. ágúst 1960, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra.

Með bréfi 21. júlí 1964 fór gagnáfrýjandi þess á leit við landbúnaðarráðuneytið, að það leyfði honum að flytja úr fiskeldisstöð hans nánar tilgreint magn af regnbogasilungsseiðum svo og tiltekna tölu „af uppöldum regnbogasilungi að stærð 8 til 12 cm.“ Í bréfinu kveður gagnáfrýjandi Búðarós h/f hafa óskað eftir þessu magni frá sér. Ráðuneytið ritaði veiðimálastjóra bréf þegar næsta dag og óskaði umsagnar hans um erindi gagnáfrýjanda. Umsögn veiðimálastjóra er rituð hinn 31. ágúst s. á. Var niðurstaða hans sú, að óvarlegt væri að heimila að flytja lifandi regnbogasilung frá fiskeldisstöð gagnáfrýjanda til annarra staða á landinu „vegna mögulegrar smitunarhættu“. Í bréfi veiðimálastjóra er þess getið, að hann hafi rætt málið við yfirdýralækni, „og er hann mér sammála um, að fyllsta varfærni sé nauðsynleg í þessu máli“, svo sem segir í bréfinu. Landbúnaðarráðuneytið veitti gagnáfrýjanda færi á að tjá sig um bréf veiðimálastjóra, og gerði hann það með bréfi 5. september 1964. Að svo búnu

skýrði ráðuneytið gagnáfrýjanda frá því með bréfi 11. september s. á., að það teldi sér ekki fært „að svo stöddu“ að verða við óskum gagnáfrýjanda, þeim er að framan greinir. Synjun þessa ítrekaði ráðuneytið með bréfi til gagnáfrýjanda hinn 26. október s. á., og er þar stungið upp á aðferð til þess að ganga „tryggilega frá þessum málum“ og ala upp silungsstofn, sem með öruggri vissu væri ósýktur.

Gagnáfrýjandi reisir fébótakröfu sína, sem greind er að efni til í héraðsdómi, gagnert á reglum um fébótaábyrgð ríkissjóðs vegna ólögmetrar úrlausnar stjórnvalds. Eru lagarök gagnáfrýjanda þau, að synjun landbúnaðarráðuneytisins hinn 11. september og til fullnaðar 26. október 1964 á umsókn hans um flutning regnbogasilungshrogna og eldissilungs úr fiskræktarstöð hans sé reist á ómálefnislegum grunni, enda hafi hann í hvívetna fullnægt þeim skilmálum, er ráðuneytið setti honum, og rannsóknir, sem framkvæmdar voru árin 1955 og 1956 á silungsstofni hans, sýni, að stofn hans hafi verið ósýktur. Byggi ráðuneytið afstöðu sína til umsóknar gagnáfrýjanda á örökstuddum gruni um sjúkdóm í silungsstofni hans. Þá er því andmælt af hendi gagnáfrýjanda, að hann hafi vanrækt að gæta fyrirmæla ráðuneytisins við innflutning hrogna á árinu 1951.

Aðaláfrýjandi reisir sýknukröfu sína á því, að gagnáfrýjandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi fullnægt skilyrðum, er landbúnaðarráðuneytið setti honum varðandi innflutning á hrognum og meðferð þeirra árið 1951, einkum að því er varðar sóttthreinsun hrognanna. Rannsóknir hafi eigi hnekkst þeirri óvissu, sem ríki um það, hvort smitnæmur sjúkdómur kunni að leynast í stofninum. Mat ráðuneytisins á umsókn gagnáfrýjanda styðjist við umsagnir sérfróðra manna og gagnáfrýjandi hafi átt kost á að tjá sig um þau gögn, sem fyrir ráðuneytinu lágu, áður en það réð málinu til lykta. Þá er vísað til þess af hálfu aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi í upprunalegri umsókn sinni hinn 10. apríl 1951 sótt um heimild til að fá að flytja inn regnbogasilungshrogn í því skyni að rækta þá fisktegund og selja á erlendum markaði. Hafi ráðuneytið eigi staðið gegn slíkri sölu.

Svo sem að framan er greint, er það eigi vefengt í máli þessu, að landbúnaðarráðuneytið hafi haft heimild til að setja reglur, er áskilji leyfi þess til flutnings á lifandi regnbogasilungi og regnbogasilungsseiðum úr eldisstöð gagnáfrýjanda, sbr. lög nr. 53/1957, XI. kafla, eftir að þau lög gengu í gildi.

Ráðuneytið greiddi án ástæðulausrar tafar úr umsókn gagnáfrýjanda frá 21. júlí 1964. Leitaði ráðuneytið umsagnar veiðimálastjóra og veitti gagnáfrýjanda færi á að kynnast henni og koma að athugasemdum sínum. Ráðuneytið leitaði að vísu ekki umsagnar yfirdýralæknis og veiðimálanefndar, sbr. meginreglu 95. gr. laga nr. 53/1957, er þá giltu, en í bréfi veiðimálastjóra er, svo sem fyrr greinir, getið um álit yfirdýralæknis. Gagnáfrýjandi fékk í upphafi leyfi til að flytja hingað til lands regnbogasilungshrogn í þeim tilgangi að rækta fiskinn til sölu erlendis, en silungstegund þessi var þá ekki til hér á landi. Í leyfi þessu fólst ekkert vilyrði til gagnáfrýjanda um, að hann mætti vænta þess að fá heimild til að selja innanlands lifandi fisk eða hrogn. Síðari aðgerðir eða afstaða ráðuneytisins gáfu eigi heldur gagnáfrýjanda réttmætt traust til að telja, að svo yrði. Vegna reynslu fyrri ára og með tilliti til fræðilegra viðhorfa var eðlilegt, að ráðuneytið teldi, að gjalda bæri varhug við flutning og dreifingu erlendra dýrategunda innanlands, ekki síst vegna smitunarhættu, en hér er um stjórnarathöfn að ræða, sem hlítir mati ráðuneytisins. Er eigi sannað, að ákvörðun ráðuneytisins sé reist á ómálefnislegum grundvelli né að slíkir annmarkar séu á undirbúningi á úrlausn ráðuneytisins, að baki ríkissjóði bótaskyldu. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Fyrir Hæstarétti hefur af hálfu aðaláfrýjanda verið lagt fram bréf Þórs Guðjónssonar veiðimálastjóra frá 29. febrúar 1972. Bréf þetta felur í sér skriflegan málflytning, og þar er veist að héraðsdómurum á óviðeigandi hátt svo og nafngreind-

um embættismanni í sambandi við vottorðsgjöf. Ber að átelja þetta.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Skúla Pálssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. nóvember 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. f. m., hefur Skúli Pálsson fiskiræktarbóndi, Laxalóni, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 2. júní 1967, á hendur landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 238.500.00 auk 8% ársvaxta af kr. 119.250.00 frá 1. október 1965 til 30. september 1966 og af kr. 238.500.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknadur af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara er krafist stórfelldrar lækkunar á dómkröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Samkvæmt gögnum málsins eru málavextir þessir:

Með bréfi, dags. hinn 10. apríl 1951, fór stefnandi þess á leit við landbúnaðarráðuneytið, að það veitti honum leyfi til að flytja til landsins regnbogasilungshrogn. Er bréf stefnanda svohljóðandi:

„Hér með leyfi ég mér að fara þess á leit við háttvirt ráðuneyti, að það veiti mér leyfi til þess að flytja til landsins 20-25 lítra af silungahrognum (augnhrogn) af tegund, sem heitir regnbogasilungur.

Til frekari skýringar vil ég leyfa mér að upplýsa eftirfarandi: Það er ákveðið að rækta fisktegund þessa í sérstaklega tilbúnum tjörnum, þangað til fiskurinn hefir náð ákveðinni stærð fyrir sölu á erlendum markaði.

Fiskræktun með líku fyrirkomulagi og hér er fyrirhuguð er þegar orðin stór atvinnugrein í mörgum löndum, t. d. Danmörku, og er útflutningur þaðan árlega fyrir um 20 millj. króna.

Að sjálfsögðu mun ég fara eftir fyrir mælum Atvinnud. Háskól-

ans eða veiðimálastjóra, sem ef til vill óska að setja reglur, sem varða þennan atvinnurekstur.“

Ráðuneytið leitaði álits Fiskideildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands, og er svarbréf Hermanns Einarssonar, forstöðumanns deildarinnar, svohljóðandi:

„Óskað hefur verið eftir því, að Fiskideildin láti álit sitt í ljós varðandi innflutning á hrognum af regnbogaurriða, og skal í því sambandi eftirfarandi tekið fram:

Ekki er til þess vitað, að sýkingarhætta sé í sambandi við slíkan flutning. Eru hrogn þessarar tegundar flutt milli landa í Evrópu, en ekki er kunnugt um, hvort sérstakar varúðarráðstafanir eru gerðar, þegar um slíkan flutning er að ræða. Fallist ráðuneytið á það að veita leyfi til þessa innflutnings, þykir ástæða til að taka eftirfarandi varúðarráðstafanir, þangað til Veiðimálanefnd hefur sett ákveðnar reglur um innflutning lifandi hroгна af vatnafiskum:

1. Hrognin verði böðuð í upplausn, sem er blanda af kalíumpermanganati, acriflavín, eddiksýru, koparsúlfati og saltvatni.
2. Hrognin verði ekki sett í vötn eða læki eða ár, heldur haldið í fiskitjörnum, eftir að klak hefur farið fram í klakhúsi.“

Hinn 16. apríl 1951 veitti svo atvinnumálaráðuneytið stefnanda leyfi til að flytja til landsins 20-25 lítra af hrognum (augnhrognum) af regnbogaurriða. Er bréf ráðuneytisins til stefnanda um þetta efni svohljóðandi:

„Með skírskotun til viðtals vill ráðuneytið hér með fyrir sitt leyti leyfa yður að flytja til landsins 20-25 lítra af silungahrognum (augnhrognum) af regnbogaurriða. Hrognin verði geymd á einangruðum stað, þar til ráðuneytið ákveður annað. Hrognunum verði látin fylgja erlendis frá vottorð um, að þau hafi verið sótt-hreinsuð, áður en þau voru afhent til flutnings hingað til lands, og útvegað verði vottorð frá magister C. Otterström, forstöðumanni Dansk Biologisk Ferskvandsavdeling, um, að flutningi hrognanna til landsins fylgi engin smitunarhætta. Um einangrun og geymslu hrognanna, eftir að til landsins kemur, verður farið samkvæmt fyrirmælum Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans.“

Það kemur fram í bréfi dr. Hermanns Einarssonar, forstöðumanns Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans, til landbúnaðarráðuneytisins, dags. hinn 14. apríl, að hann hafi að ósk landbúnaðarráðuneytisins sent magister C. Otterström, forstöðumanni Dansk Biologisk Ferskvandsavdeling, símskeyti hinn 11. s. m., þar sem skýrt var frá því, að augnhrogn úr regnbogaurriða væru vænt-

anleg til landsins frá Smidt Niessen Jöker í Egved og að yfirvöld óskuðu eftir tryggingu fyrir því, að ekki stafaði smithætta af hrognunum. Jafnframt var óskað eftir því, að magister C. Otterström léti í té upplýsingar um það, hvort smithætta væri fyrir hendi og hvort önnur lönd leyfðu innflutning á augnhrognum. Í bréfi sínu skýrir dr. Hermann frá efni svarskeytis magisters C. Otterströms um, að hann telji innflutning urriðaaugneggja forsvaranlegan og að önnur lönd leyfi frjálstan innflutning augneggja.

Stefnandi fékk nú til landsins sendingu af augnhrognum, en sú sending mun hafa orðið fyrir skakkaföllum, eins og síðar verður rakið. Fékk stefnandi þá nýja sendingu augnhrogna og hóf ræktun regnbogasilungs í eldisstöð sinni að Laxalóni. Hinn 15. júlí 1954 ritaði landbúnaðarráðuneytið stefnanda svofellt bréf:

„Á grundvelli þess leyfis, sem yður hefir verið veitt af ráðuneytinu til að rækta regnbogasilung, og í samræmi við það eftirlit, sem sú ræktun er háð, vill landbúnaðarráðuneytið tjá yður, að eftirfarandi atriði eru meðal þeirra varúðarráðstafana, er ráðuneytið hefir ákveðið, að yður beri að viðhafa við ræktun og meðferð regnbogasilungs:

1. Eigi má flytja regnbogasilung eða regnbogasilungshrogn út úr Fiskiræktarstöðinni að Laxalóni nema með sérstöku leyfi.
2. Halda skal regnbogasilungi og regnbogasilungshrognum einangruðum í Fiskiræktarstöðinni og laxi og íslenzkum silungi fyrir sig.
3. Eigi má nota vatn, sem runnið hefur um tjörn, eldiskassa eða klakstokk, sem regnbogasilungur eða regnbogasilungshrogn eru eða hafa verið í, til að renna um hrogn eða í gegnum eldistjarnir eða eldiskassa, sem lax eða silungur er í, sem selja á til að sleppa í ár og vötn.
4. Eigi má nota klakstokka, eldiskassa eða tjarnir, sem regnbogasilungshrogn eða regnbogasilungur hefur verið í, til afnota við klak eða eldi lax og íslenzkra silungstegunda, sem ætlaðar eru til sölu til að sleppa í ár og vötn.
5. Eigi má nota sömu ílát til flutnings regnbogasilungshrogna og regnbogasilungs og lax eða silungs og hrogna þeirra, sem sleppa á í ár og vötn, nema að rækileg sótthreinsun fari fram á ílátunum eftir hvern flutning regnbogasilungshrogna og regnbogasilungs undir eftirliti.
6. Gæta skal varúðar um notkun áhalda við hirðingu regnbogasilungshrogna og regnbogasilungs annars vegar og um hirðingu hrogna af laxi og silungi svo og seiða af stærri fiski, sem

sleppa á í ár og vötn, hins vegar, þannig að smitun geti ekki borist með þeim á milli. Þetta tilkynnist yður hér með.“

Hinn 5. október ritaði Þór Guðjónsson veiðimálastjóri stefnanda svohljóðandi bréf:

„Í símtali, sem ég átti við yður 6. ágúst s.l., ræddi ég um, að æskilegt væri að rannsaka regnbogasilung að Laxalóni í þeim tilgangi að fá úr því skorið, hvort með honum hafi borist hættulegir sjúkdómar hingað til lands, og þá sérstaklega kýlaveiki (furunculosis). Ef slík rannsókn leiðir í ljós, að kýlaveiki leynist ekki í fiskinum eða aðrir hættulegir sjúkdómar, talaði ég um að mæla með við atvinnumálaráðuneytið, að núverandi bann við flutningi á regnbogasilungi frá klak- og eldisstöð yðar verði upphafið.

Í sambandi við ofanritað mál væri æskilegt að fá upplýsingar um, hvenær þér fluttuð regnbogasilungshrogn inn frá Danmörku, hve mikið magn hverju sinni og hvaða efni notað var til sótt-hreinsunar á hrognunum og í hvaða styrkleika og hvernig sótt-hreinsunin fór fram. Einnig hvað gert var við þær umbúðir, sem hrognin voru flutt í til landsins.“

Hinn 13. ágúst 1955 ritaði atvinnumálaráðuneytið stefnanda svohljóðandi bréf:

„Með bréfum, dags. 16. og 17. apríl 1951, var yður leyft að flytja til landsins hrogn af regnbogasilungi með þeim skilyrðum meðal annars, að hrognin væru áður sótt-hreinsuð samkvæmt fyrirmælum Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans og þeim haldið einangruðum í eldisstöð yðar að Grafarholti. Nú telja sérfróðir menn nauðsynlegt til öryggis að athuga heilbrigðisástand regnbogasilungsins í eldisstöð yðar, og hefur ráðuneytið falið veiðimálastjóra í samráði við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum að athuga heilbrigðisástand silungsins. Í sambandi við þessa athugun er talið nauðsynlegt að einangra stöðina, meðan athugun fer fram, og er því hér með í framhaldi af því skilyrði, sem sett var um einangrun við innflutning, sett bann við flutningi á lifandi fiski eða hrognum frá eldisstöðinni við Grafarholt, þar til umrædd athugun hefur farið fram, nema leyfi ráðuneytisins komi til.“

Í svarbréfi stefnanda til ráðuneytisins, dags. hinn 17. ágúst 1955, kemur fram, að hann hafi ekkert við það að athuga, að framangreind rannsókn verði framkvæmd, enda muni hann hlíta þeim skilyrðum, sem fram koma í bréfi ráðuneytisins. Hins vegar kvað stefnandi ágreining ríkjandi milli sín og veiðimálastjóra og kvaðst mundu fara þess á leit, að dr. Þórður Þorbjarnarson gætti hags-

muna sinna í sambandi við fyrirhugaða athugun og rannsókn. Óskaði stefnandi jafnframt eftir því, að um leið og sýnishorn af silungahrognum yrðu tekin, væru jafnframt tekin sýnishorn, sem hann hefði ákveðið að senda mag. scient. C. V. Otterström, forráðamanni Dansk Ferskvandfiskeri, Biologisk Anstalt. Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins til stefnanda, dags. hinn 18. ágúst, kemur fram, að ráðuneytið hafi ekkert við það að athuga, að jafnframt því sem tekin væru sýnishorn til rannsóknar að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum væru einnig tekin sýnishorn, sem stefnandi sæi sjálfur um rannsókn á. Einnig samþykkti ráðuneytið, að stefnandi hefði trúnaðarmann við töku sýnishornanna og að það yrði annað hvort dr. Þórður Þorbjarnarson eða Guðlaugur Hannesson gerlafræðingur. Með bréfi, dags. hinn 29. desember 1955, fór stefnandi þess á leit við atvinnumálaráðuneytið, að það hlutaðist til, að honum yrði látin í té greinargerð um árangur rannsóknar þeirrar, sem getið er í síðastgreindum bréfum. Kvaðst stefnandi hafa farið fram á þetta við rannsóknarstöðina, en kvað sér hafa verið tjáð, að veiðimálastjóri hefði lagt bann við því. Hinn 4. janúar 1956 sendi Guðlaugur Hannesson gerlafræðingur landbúnaðarráðuneytinu svohljóðandi greinargerð um afskipti sín af rannsókn þeirri, sem fram hafði farið á regnbogasilungi í fiskeldisstöð stefnanda. Segir þar svo:

„Eftirfarandi er stutt yfirlit yfir tilhögun á töku sýnishorna af regnbogasilungi að Laxalóni, eign Skúla Pálssonar, s. st., til rannsóknar á furunculosis.

Samkvæmt beiðni hr. veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, og hr. Skúla Pálssonar skipaði ráðuneytið með bréfi undirritaðan í fjarveru dr. Þórðar Þorbjarnarsonar til þess að gæta hagsmuna Skúla Pálssonar við töku sýnishorna á regnbogasilungi. Rannsaka skyldi, hvort furunculosis fyndist í silunginum, þar eð egginn höfðu ekki verið sótthreinsuð, eins og venja er, þegar eldisstöðin hóf starfsemi sína. Bakteríufræðilegar rannsóknir voru gerðar á tilraunastöðinni í meina- og húsdýrasjúkdómum að Keldum undir stjórn hr. dýralæknis Páls Pálssonar.

Að beiðni Skúla Pálssonar voru aðeins hængar teknir til rannsóknar. Um frekari skýringar á töku silungssýnishornanna sjá yfirlýsingu, sem undirritaður gaf ráðuneytinu 4. nóvember síðastliðinn.

Í öll þau skipti, sem fisksýnishorn voru tekin, háfaði klakmaður Skúla Pálssonar fiskana og valdi hængina úr. Fiskarnir voru síðan rotaðir af einum vinnumanni og klakmanni Skúla Pálssonar og

láttnir í fötu, sem undirritaður sóttþreinsaði með sterkri klórkalkupplausn (500 p.p.m. og skolaði síðan með vatni), þvottaskálar, sem einnig höfðu verið sóttþreinsaðar, voru síðan láttnar yfir fötarnar og þeim svo ekið að Keldum, þar sem undirritaður afhenti Páli Pálssyni, dýralækni, silungana. Undirritaður var viðstaddur í öll þau skipti, sem sýnishorn af regnbogasilungi voru tekin.

Fyrir milligöngu undirritaðs náðist samkomulag milli Skúla Pálssonar og veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, um tilhögun á sýnishornatökunni, sem fór fram á tímabilinu 19. ágúst til 15. september. Varð það að samkomulagi að taka aðeins hænga, eins og áður er vikið að, og sömuleiðis að takmarka fjölda fisksýnishornanna við 100, ef engrar veiki (furunculosis) yrði vart. Fyndist furunculosis í silunginum, skyldi fjöldi sýnishornanna verða um 300. Þá var sá fyrirvari gerður, að endanlegur fjöldi sýnishornanna, í hvoru tilfellinu sem væri, skyldi ákvarðast af tölfræðilegri (statistiskri) rannsókn, sem nauðsynlegt er að nota til þess að finna „líkindi“ (probability) í vissum hópi einstaklinga (population).

Um tilhögun á bakteríufræðilegum rannsóknum á silunginum að Keldum var algert samkomulag milli undirritaðs, veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, og Páls Pálssonar dýralæknis. Skúli Pálsson mæltist til þess, að undirritaður væri viðstaddur í fyrsta skipti, sem rannsókn á fiskinum færi fram, og dæmdi um það sem fagmaður (gerlafræðingur), hvort aðferðir þær, sem nota skyldi við rannsóknirnar, væru á nokkurn hátt athugaverðar.

Undirritaður fór því upp að Keldum laugardaginn 20. ágúst og var viðstaddur, er rannsókn á fiskinum var gerð. Fiskurinn var mældur og veginn og síðan opnaður og krufinn. Var fylgt þeim varúðarráðstöfunum, sem við þarf að hafa í slíkum rannsóknum. Miltið, nýrun, hjartað og lifrin voru skorin burtu, sviðin með járn og hlutar teknir til ræktunar í þar til gerðum ætum („subströtum“). Herbergið, sem þetta fór fram í, var útbúið með ultrafjólubláum geislalömpum. Telur undirritaður, að þessi rannsókn hafi verið gerð eftir fyllstu kröfum, sem gerðar eru til slíkra rannsókna, og var samþykktur öllum gerðum Páls Pálssonar dýralæknis. Því taldi undirritaður alveg ástæðulaust að vera viðstaddur fleiri rannsóknir að Keldum.

Silungasýnishornin voru tekin að Laxalóni á eftirtöldum dögum: föstudaginn 19. ágúst (6 fiskar), fimmtudaginn 1. sept. (21 fiskar), miðvikudaginn 7. sept. (23 fiskar), þriðjudaginn 13. sept. (25 fiskar) og fimmtudaginn 15. sept. (25 fiskar).

Mánudaginn 19. september fór undirritaður ásamt veiðimálastjóra, Þór Guðjónssyni, og aðstoðarmanni hans og veiddu silung með rafmagnsáhöldum úr Grafarholtslæk í landi Grafarholts. Var töku sýnishornanna hagað þannig, að ekki var farið nema upp að brúnni á Vesturlandsvegi, og því ekki farið í landareign Skúla Pálssonar að Laxalóni. Tuttugu og fimm fiskar af ýmsum tegundum voru veiddir og farið með þá að Keldum, þar sem þeir voru rannsakaðir fyrir furunculosis.“

Með bréfi, dags. hinn 13. júní 1956, hafði landbúnaðarráðuneytið óskað umsagnar veiðimálastjóra um bréf stefnanda varðandi slátrun á silungi úr Þingvallavatni og Úlfljótsvatni, sem verið hafði í eldisstöðinni að Laxalóni þá að undanfögnu. Í umsögn veiðimálastjóra, dags. 20. júní 1956, kemur fram, að stefnandi telji nauðsynlegt að drepa alibleikju sökum þrengsla í stöðinni. Kveðst veiðimálastjóri telja vafasamt, að ástæða sé til þess, þar sem rannsókn á heilsufarsástandi regnbogasilungs í eldisstöðinni að Laxalóni muni ljúka innan hálfis mánaðar, ef stefnandi fáist til að afhenda fisk til rannsóknar í næstu viku þar á eftir, eins og óskað hafi verið eftir í bréfi til stefnanda þann sama dag. Lýkur umsögn veiðimálastjóra með því, að ef kýlaveikissmitberar finnast ekki í regnbogasilungi, muni stefnandi geta ráðstafað umræddri alibleikju eftir geðþótta, fljótlega eftir að rannsókninni sé lokið. Rannsókn þessi fór síðan fram. Um niðurstöðu hennar segir svo í bréfi Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis til Þórs Guðjónssonar veiðimálastjóra, dags. hinn 6. júlí 1956.

„Í samræmi við bréf yðar, hr. veiðimálastjóri, frá 20. júní síðastliðnum og samtál okkar 29. f. m. höfum við nú á ný rannsakað 40 regnbogasilunga frá eldisstöðinni að Laxalóni. Leit var gerð sérstaklega að *Bact. salmonicida* og æti valið og útsæði gerð með tilliti til þess.

Niðurstöður þessarar rannsóknar voru þær, að ekki fannst *Bact. salmonicida* í einum silung, og er það í samræmi við niðurstöður rannsókna á silung frá sama stað, er gerðar voru hér síðastliðið sumar.“

Hinn 9. júlí 1956 ritaði Þór Guðjónsson veiðimálastjóri landbúnaðarráðuneytinu svohljóðandi bréf:

„Í bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 24. maí s.l., er undirrituðum falið að halda áfram rannsókn á heilbrigðisástandi regnbogasilungs í eldisstöð Skúla Pálssonar að Laxalóni við Reykjavík í samráði við Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum að Keldum.

Þann 29. júní s.l. móttók undirritaður 40 regnbogasilunga að

Laxalóni og afhenti þá Páli A. Pálssyni, yfirdýralækni að Keldum, til rannsóknar. Í bréfi, sem hér fylgir, dags. 6. þ. m., skýrir Páll A. Pálsson frá því, að kýlaveikissmitberar (*Bacterium salmonicida*) hafi ekki fundist í nefndum regnbogasilungi. Er þar með umræddri rannsókn á heilbrigðisástandi regnbogasilungs í eldisstöðinni að Laxalóni lokið, og hafa kýlaveikissmitberar ekki fundist í regnbogasilungi þar. Líkur fyrir, að sjúkdómurinn sé í eldisstöðinni, eru innan við 1%, og telur Páll A. Pálsson það mikið öryggi fengið með rannsókninni, að óþarft sé að hafast frekar að. Skal því lagt til, að banni því, sem verið hefur á um burtflutning lifandi vatnafiska úr eldisstöðinni, samanber bréf hins háa ráðuneytis, dags. 13. ágúst, verði aflétt. Hins vegar þykir eðlilegt, að fyrirmæli ráðuneytisins til Skúla Pálssonar um meðferð á íslenskum fisktegundum í eldisstöð hans, samanber bréf, dags. 15. júlí 1954, verði látin gilda áfram svo og fyrirmæli ráðuneytisins um, að eigi megi flytja á brott regnbogasilung frá eldisstöðinni að Laxalóni nema með leyfi þess.“

Með bréfi atvinnumálaráðuneytisins til stefnanda, dags. hinn 23. júlí 1956, var honum tjáð, að með vísan til síðastgreindra bréfa Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis og Þórs Guðjónssonar veiðimálastjóra vildi ráðuneytið hér með aflétta banni því, sem verið hafði á brottflutningi íslenskra vatnafiska úr eldisstöðinni að Laxalóni, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 13. ágúst 1955. Hins vegar ítrekaði ráðuneytið fyrri fyrirmæli sín til stefnanda með bréfi, dags. hinn 15. júlí 1954, að eigi mætti flytja á brott regnbogasilung frá eldisstöðinni að Laxalóni nema með leyfi ráðuneytisins hverju sinni, svo og önnur fyrirmæli í sama bréfi. Með bréfi, dags. hinn 21. júlí 1964, fór stefnandi þess á leit við atvinnumálaráðuneytið, að honum yrðu heimilað að flytja á brott úr eldisstöð sinni að Laxalóni 10 þúsund til 15 þúsund regnbogasilungsseiði og allt að 15 þúsund uppalda regnbogasilunga að stærð 8-12 cm, sem Búðaós h/f hefði óskað að kaupa. Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins til stefnanda, dags. hinn 3. september, kemur fram, að ráðuneytið hafi sent veiðimálastjóra erindi stefnanda til umsagnar og að sú umsögn fylgi bréfi ráðuneytisins. Í umsögn þessari segir svo:

„Landbúnaðarráðuneytið gaf Skúla Pálssyni 1951 leyfi til þess að flytja inn regnbogasilungshrogn frá Danmörku, enda fylgdi hrognunum sóttþreinsunarvottorð frá Danmörku, en slík vottorð hafa ekki verið lögð fram. Enn fremur skyldu hrognin verða sóttþreinsuð eftir komuna hingað undir eftirliti Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans. Samkvæmt yfirlýsingum Jóns Jónssonar, for-

stjóra Fiskideildar, og dr. Hermanns Einarssonar fiskifræðings var ekki leitað til Fiskideildar um böðun á regnbogasilungshrogn-um. Voru þannig brotin fyrir-mæli hins háa ráðuneytis í bréfi, dags. 17. apríl 1951, um sóttþreinsun umræddra hroгна undir eftirliti fulltrúa ráðuneytisins.

Hinn 6. september 1954 upplýsti Skúli Pálsson í viðtali, að hann hefði sjálfur sóttþreinsað regnbogasilungshrognin, sem hann hafði fengið frá Danmörku, með blöndu af kaliumpermanganati. Þessi sóttþreinsun var ófullnægjandi, þar sem blanda af nefndu efni kemur ekki að gagni við að eyða sýklinum *Bacterium salmonicida*, sem veldur kýlaveiki („furunculosis“), en tilgangurinn með böð-un umræddra regnbogasilungshroгна var einmitt stefnt að því að koma í veg fyrir, að nefndur sýkill bærisk til landsins. Kýlaveiki er einn skæðasti sjúkdómur í laxi og silungi erlendis og veldur fjárhagslegu tjóni, þar sem hann finnst í fiskeldisstöðvum. Í nátt-úrinni er minna vitað um skaðsemi kýlaveikinnar í laxi og sil-ungi, en þó er frægur hinn skæði kýlaveikifaraldur í laxi í ensk-um ám fyrir 30 árum, sem olli miklu fjárhagslegu tjóni. Hinu háa ráðuneyti var skrifað allitarlega um þetta mál í bréfi, dags. 19. nóvember 1954, og skal að öðru leyti vísað til þess.

Þegar uppvíst var, að Skúli Pálsson hafði ekki farið eftir fyrir-mælum ráðuneytisins um sóttþreinsun margnefndra regnboga-silungshroгна, lagði veiðimálastjóri og Veiðimálanefnd til við land-búnaðarráðuneytið, að framkvæmd yrði leit að kýlaveikissmit-berum í regnbogasilungi í eldisstöðinni að Laxalóni og að stöðin yrði einangruð, meðan á leitinni stæði. Í bréfi ráðuneytisins, dags. 13. ágúst 1955, var ákveðið, að nefnd leit að kýlaveikissmitberum skyldi fara fram og eldisstöðin jafnframt einangruð. 1955 og 1956 voru 140 regnbogasilungar rannsakaðir af Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum að Keldum af Páli A. Pálssyni, núverandi yfir-dýralækni. Í nefndum regnbogasilungum fundust ekki kýlaveik-issmitberar, og var talið út frá fjölda sýnishorna, sem rannsökuð voru, að líkur fyrir kýlaveiki í regnbogasilungi að Laxalóni væri innan við 1%. Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dags. 23. júlí 1956, var svo einangrun eldisstöðvarinnar að Laxalóni aflétt, en ítrek-ud fyrir-mæli ráðuneytisins í bréfi, dags. 15. júlí 1954, um varúðar-ráðstafanir, sem viðhafa skyldi við ræktun og meðferð regnboga-silungs, og enn fremur eru endurtekinn fyrri fyrir-mæli um, að eigi megi flytja brott regnbogasilung frá eldisstöðinni nema með leyfi ráðuneytisins.

Sumarið 1959 var ég á ferð í Bandaríkjunum og kom í heim-

sókn á rannsóknarstofu í eldisstöðinni í Rome í New York ríki, sem er fræg fyrir rannsóknir á vandamálum fiskeldis. Ræddi ég þar við fisksjúkdómafræðinginn Richard Stevens, sem unnið hafði við rannsóknir á kýlaveiki, en kýlaveikin var þá skæðasti sjúkdómur í alifiski í New York ríki eins og reyndar víðar. Rakti ég ganginn í innflutningi á regnbogasilungi til Íslands og áður nefnda leit að kýlaveikissmitberum, sem fram fór hér 1955 og 1956, og óskaði eftir álitni hans á, hvort niðurstöðurnar af nefndri rannsókn gæfu tilefni til að aflétta einangrun á regnbogasilungi í eldisstöðinni að Laxalóni. Taldi Stevens það ekki vera, því að þrátt fyrir niðurstöður af nefndri rannsókn gæti kýlaveikissmitberar leynst í regnbogasilungsstofninum.

Út frá því, sem að ofan segir, þykir óvarlegt að flytja lifandi regnbogasilung frá Laxalóni til annarra staða á landinu vegna mögulegrar smitunarhættu. Eins og áður segir, má fyrirbyggja, að kýlaveikissmitberar flytjist með hrognum á augnstiginu, eftir að þau eru rétt sótthreinsuð á leið á ákvörðunarstað. Ætti því að mega leyfa flutning á regnbogasilungshrognum frá Laxalóni á nýja staði hér á landi að undangenginni sótthreinsun, ef menn vilja koma sér upp stofni af regnbogasilungi, en alls ekki á seiðum eða fullorðnum fiski, þar sem ókleift er að sótthreinsa slíkan fisk. Ég hefi rætt ofanefnd atriði við Pál A. Pálsson, yfirdýralækni, í dag, og er hann mér sammála um, að fyllsta varfærni sé nauðsynleg í þessu máli. Þá vil ég og ítreka nauðsyn þess, að varúðarráðstafanir við ræktun og meðferð regnbogasilungs, sem fram koma í bréfi hins háa ráðuneytis til Skúla Pálssonar frá 15. júlí 1954, verði viðhafðar framvegis, eins og ætlast hefur verið til fram að þessu.“

Hinn 5. september ritaði stefnandi landbúnaðarráðuneytinu bréf, þar sem hann vísaði til síðasta bréfs síns, svarbréfs ráðuneytisins og umsagnar veiðimálastjóra. Í bréfinu segir síðan svo:

„Í bréfi hins háa ráðuneytis er ekki tekin sjálfstæð afstaða til erindis míns frá 21. júlí s.l., og leyfi ég mér því hér með að ítreka leyfisbeiðni mína, sem þar í felst, og æskja afdráttarlaussvars hins háa ráðuneytis á því, hvort leyfisbeiðni mín er samþykkt eða henni synjað.“

Að (sic) niðurlagi umsagnar veiðimálastjóra virðist mega ráða, að hann leggist á móti því, að leyfi verði veitt, á þeirri forsendu, að nægilegar sóttvarnarráðstafanir hafi ekki verið gerðar í upphafi, er hrognin voru flutt frá Danmörku, eins og kemur fram í upphafi umsagnar veiðimálastjórans.

Ef afstaða hins háa ráðuneytis við erindi mínu er neikvæð og hún reist á framangreindum rökum, óskast það tilgreint í svarbréfi.“

Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. hinn 11. september, er vísað til erinda stefnanda frá 21. júlí og 5. september, og segir síðan svo:

„Út af þessu hefur ráðuneytið óskað umsagnar veiðimálastjóra um erindi yðar, og með bréfi, dags. 3. þ. m., var yður sent ljósrit af þeirri umsögn. Með skírskotun til þess telur ráðuneytið ekki fært að svo stöddu að verða við ofangreindum óskum yðar, en ráðuneytið hefir í dag ritað veiðimálastjóra og óskað frekari upplýsinga í málinu. Fylgir afrit af bréfi ráðuneytisins hér með.“

Atriði þau, sem ráðuneytið óskaði umsagnar veiðimálastjóra um samkvæmt síðastgreindu bréfi eru þessi:

„.....“

1. Er kleift með einhverjum ráðum að kanna til hlítar, hvort regnbogasilungsseiði og regnbogasilungur í Laxeldisstöðinni að Laxalóni sé sýktur eða heilbrigður?
2. Er hægt að sótthreinsa og útiloka þar með sjúkdóma eða sýkingu í stöðinni?
3. Hversu langur tími þarf að líða til þess að sjá megi fyrir víst, að fiskurinn í stöðinni sé heilbrigður og ósýktur?

.....“

Veiðimálastjóri svaraði spurningum þessum í bréfi sínu til ráðuneytisins, dags. hinn 21. október 1964, þannig:

- „1. Tölufræðilega er ekki mögulegt að kanna svo ítarlega regnbogasilung í eldisstöðinni að Laxalóni, að fullkomlega sé öruggt, að ekki leynist kýlaveikissmitberar (*Bacterium salmonicida*) í fiski þar
2. Ókleift er að sótthreinsa regnbogasilung fyrir kýlaveikissmitberum. Hins vegar má sótthreinsa stöðina sjálfa og regnbogasilungshrogn, svo að gagni komi.
3. Ekki er vitað, hve langur tími þarf að líða, þar til telja megi víst, að fiskur í stöðinni hafi ekki kýlaveikissmitbera. Vitað er um, að smit getur leynst í smitbera um langt árabil.

Það skal tekið fram, að ég hefi rætt efni spurninga í bréfi hins háa ráðuneytis, sem hér er svarað, við Pál A. Pálsson, yfirdýralækni, og er hann sömu skoðunar og ég um efni svara minna við ofanefndum spurningum.“

Hinn 26. október 1964 ritaði landbúnaðarráðuneytið stefnanda svohljóðandi bréf:

„Með skírskotun til bréfs yðar, herra framkvæmdastjóri, dags.

21. júlí s.l. og 5. f. m., þar sem þér óskið heimildar ráðuneytisins til að flytja brott úr eldisstöðinni að Laxalóni 10 til 15 þúsund regnbogasilungsseiði og allt að 15 þúsund af uppöldum regnbogasilungi að stærð 8 til 12 cm, vill ráðuneytið taka fram til viðbótar því, er fram kemur í bréfi þess, dags. 11. f. m., að það hefur aflað sér upplýsinga um mál þetta með bréflegum fyrirspurnum og viðtölum. Að fengnum þeim upplýsingum telur ráðuneytið sér ekki fært að verða við framangreindum óskum yðar.

Ljósrit af bréfi veiðimálastjóra, dags. 21. þ. m., þar sem hann svarar fyrirspurnum ráðuneytisins varðandi einangrun á regnbogasilungi í eldisstöðinni að Laxalóni fylgir hér með.

Með vísan til þessa bréfs veiðimálastjóra vill ráðuneytið vekja sérstaka athygli á, að tók eru á að taka hrogn úr þeim kynþroska fiski, sem nú er í stöðinni að Laxalóni, sóttþreinsa þau og geyma, meðan alinn er til slátrunar sá fiskur, sem er í stöðinni. Síðan eru tók á að sóttþreinsa stöðina alla og hefja þar síðan silungsrækt með þeim hrognum, sem fyrst voru nefnd. Með þessum hætti mundi tryggilega frá þessum málið gengið.“

Hinn 2. desember 1964 ritaði lögmaður stefnanda landbúnaðar-ráðuneytinu bréf, þar sem gangur málsins var rakinn og þess farið á leit, að ráðuneytið tæki málið til athugunar og ákvörðunar á ný. Voru tilmæli þessi ítrekuð 5. mars og 21. apríl 1965. Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins hinn 18. júní 1965 var þessari mála-leitan hafnað. Kemur fram í bréfi þessu, að ráðuneytinu sé ókunnugt um, hvort fullnægt hafi verið skilyrðum þeim, sem í upphafi voru sett fyrir innflutningi augnhrognanna og sé þar að finna frumorsök þess, að ráðuneytið telji þörf allrar varfærni gagnvart þessum fiski.

Undir lok reksturs máls þessa kom fram yfirlýsing Einars Hannessonar, dags. 30. janúar 1955, og bréf Hermanns Einarssonar og Jóns Jónssonar til veiðimálastjóra, bæði dagsett 2. febrúar 1955. Yfirlýsing Einars Hannessonar er svohljóðandi:

„Ég undirritaður vil hér með að gefnu tilefni skýra frá þeim afskiptum, sem ég hafði á sínum tíma af regnbogasilungshrognum, sem Skúli Pálsson fékk frá Danmörku til landsins með skipinu „Dux“ vorið 1951. Samkvæmt beiðni skrifstofustjóra landbúnaðar-ráðuneytisins var ég viðstaddur, þegar Skúli Pálsson flutti hrognin frá vörugeymslu Eimskipafélagsins við Haga í húsakynni Pípu-verksmiðjunnar við Rauðarárstíg. Þegar þangað kom, var sendingin athuguð nánar. Kom þá í ljós, að mestur hluti hrognanna var dauður, og var þeim hrognum fargað strax og skolað niður í

klóak hússins. Eftir lifðu um 50 þúsund, sem Skúli hugðist flytja upp að Laxalóni. Skúli Pálsson var þarna með einhverja sótttheinsunarblöndu, sem mér var ekki kunnugt um, hver efni voru í. Þetta eru einu afskipti mín fram á þennan dag, sem ég hefi haft af regnbogasilungshrognasendingum til Skúla Pálssonar, Laxalóni.“

Hér fyrir dómi hefur vitnið Einar Hannesson, sem nú er starfsmaður Veiðimálastofnunarinnar, skýrt svo frá, að hann hafi á árinu 1951 verið starfsmaður embættis veiðimálastjóra. Kveðst Einar hafa verið beðinn um það af skrifstofustjóra landbúnaðarráðuneytisins að fylgjast með flutningi regnbogasilungshrognanna frá Haga og inn í Pípuverksmiðju ásamt lögregluþjóni, sem verið hafi Lárus Salómonsson. Kveðst vitnið ekki hafa verið beðið um að hafa önnur afskipti af þeirri hrognasendingu og kveðst ekki hafa verið beðið um að sjá um böðun hrognanna. Einar kveður talið hafa verið, að hluti hrognasendingarinnar hafi drepist vegna þess, að hrognin hafi frosið, en ekki kveðst Einar hafa framkvæmt sjálfstæða athugun á því, hvort hluti hrognasendingarinnar væri lifandi eða hversu mörg þau hrogn væru. En hann kveður sér hafa skilist, að það væri mat þeirra manna, sem viðstaddir höfðu verið, að þessi hluti hrognasendingarinnar, þ. e. 50 þúsund hrogn, væri lifandi. Ekki kveðst Einar vita, hvort stefnandi hafi flutt þau 50 þúsund hrogn, sem talið var, að væru lifandi, burt frá Pípuverksmiðjunni, en hann kveðst telja það líklegt og kveðst telja það liggja í hlutarins eðli. Ekki kveðst Einar hafa spurt stefnanda að því, hvaða sótttheinsunarblanda það var, sem hann var með þarna í Pípuverksmiðjunni, enda kveðst Einar ekki hafa verið neinn framkvæmdaðili í sambandi við þetta mál. Einar kveðst ekki hafa haft afskipti af annarri sendingu regnbogasilungshrognna til stefnanda. Einar kveðst ekki hafa verið beðinn um að gefa skrifstofustjóra landbúnaðarráðuneytisins munnlega eða skriflega skýrslu um þessi afskipti sín af hrognasendingunni, enda kveðst hann ekki minnst þess að hafa verið beðinn um það. Einar kveðst ekki hafa sérmenntun í fiskifræði og kveðst hafa litið á sig sem vitni að flutningi hrognanna frá Haga og inn í Pípuverksmiðju.

Bréf Hermanns Einarssonar er svohljóðandi:

„Í aprílmánuði 1951 ritaði ég umsögn fyrir hönd Fiskideildar varðandi innflutning á hrognum regnbogasilungs á vegum hr. Skúla Pálssonar, samkvæmt beiðni háttv. atvinnumálaráðuneytis. Þótti eigi tryggilega frá hrognunum gengið vegna smitunarhættu, og var ráðlegging gefin um böðunaraðferð eftir ráðleggingum

danskra vísindamanna. Í sambandi við fyrstu sendingu á hrognum var ég kallaður til að skoða þau í Pípuverksmiðjunni við Rauðar-árstíg, en þar var ákveðið að eyða mestum hluta þeirra, og sá hr. Einar Hannesson um það verk. Hins vegar hefur aldrei verið leitað til mín í sambandi við böðun hroгна, hvorki fyrr né síðar. Þegar þáverandi deildarstjóri kom heim, skýrði ég honum frá gangi þessa máls og hefi síðan engin afskipti af því haft.“

Bréf Jóns Jónssonar er svohljóðandi:

„Samkvæmt ósk yðar lýsi ég því hér með yfir, að til mín hefur aldrei verið leitað í sambandi við innflutning Skúla Pálssonar á regnbogasilungshrognum frá Danmörku vorið 1951, og hef ég því ekki haft nein afskipti af því máli.“

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi á árinu 1951 flutt inn 100000 regnbogasilungshrogn að fengnu leyfi landbúnaðar-ráðuneytisins. Minnir stefnanda, að sendingin, sem flutt hafi verið með skipi, hafi komið til landsins í aprílmánuði. Stefnandi kveður sig minna, að þessari sendingu hafi fylgt vottorð og muni það hafa gengið til Atvinnudeildar Háskólans eða landbúnaðar-ráðuneytisins. Stefnandi kveður Árna Friðriksson, sem verið hafi yfirmaður Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans, hafa haft með þetta mál að gera af hálfu hins opinbera, en einnig hafi dr. Hermann Einarsson haft með málið að gera. Hann kveður það óhapp hafa komið fyrir, að kassinn, sem hrognin voru í, hafi verið settur á hvolf við fermingu í skipið og hafi hrognin dáið. Stefnandi kveðst hafa fengið leyfi til að flytja kassann óopnaðan inn í Pípuverksmiðju, þar sem hann hafði aðstöðu, og þar hafi kassinn verið opnaður og sendingin athuguð. Þar sem nú sé svo langt um liðið, kveðst stefnandi ekki muna, hver gefið hafi leyfi til að flytja hrognin inn í Pípuverksmiðju, en kveðst telja víst, að það hafi verið landbúnaðarráðuneytið. Stefnandi kveður ekkert úr hrognasendingu þessari hafa farið í eldisstöð sína, því að sendingin hafi öll verið eyðilögð á staðnum. Hafi hrognin ásamt umbúðum verið brennd og leifunum skolað niður í holræsi. Með leyfi ráðuneytisins kveður stefnandi síðan hafa verið gerðar ráðstafanir til að panta frá sama seljanda sama magn af regnbogasilungshrognum. Ekki kveðst stefnandi muna, hvort þessi sending kom með skipi eða flugvél. Kveðst stefnandi ekki hafa tekið við þessum hrognum, þegar þau komu til landsins, því að það hafi allt verið á vegum Fiskideildarinnar. Stefnandi kveður sér hafa verið sagt, að hann yrði að bíða, þar til öll skjöl væru í lagi, enda hafi það verið skilyrði af hálfu ráðuneytisins, að hann fengi ekki hrognin afhent,

fyrir en að fengnu leyfi Fiskildeildar. Stefnandi kveðst hafa haft áhyggjur af því, að hrognin mundu eyðileggjast, og rætt um það við ráðuneytið, en sér hafi verið sagt, að hann yrði að bíða, en síðar yrði tilkynnt, hvenær hann mætti taka hrognin að lokinni rannsókn um, að allt væri í lagi. Stefnandi kveður um viku hafa liðið frá því hrognin komu og þar til hann fékk að veita þeim viðtöku. Kveður hann sér með öllu ókunnugt um, hvar hrognin voru á þessu tímabili, enda hafi þetta algerlega verið á vegum Fiskideildarinnar. Ekki kveðst stefnandi muna, hvort hann hafi sótt hrognin að þessum tíma liðnum eða hvort þau hafi verið flutt til hans. Stefnandi kveðst muna, að hann hafi átt símtal við Árna Friðriksson og beðið hann að gæta þess, að hrognin frysju ekki. Stefnandi kveðst telja, að einhver gögn hafi fylgt sendingu þessari, og telur, að þar hafi m. a. verið um að ræða vottorð, en hann kveður gögn þessi hafa gengið annað hvort til landbúnaðarráðuneytisins eða Fiskideildarinnar. Stefnandi telur sig muna það rétt, að skeytaskipti hafi farið fram milli landbúnaðarráðuneytisins eða Fiskildeildarinnar og aðilja í Danmörku til frekari staðfestingar á því, að þetta væri eins og það ætti að vera. Stefnandi kveður hrognin svo hafa komið í klakhús eldisstöðvar sinnar að Laxalóni. Kveður hann þetta hafa verið fyrstu regnbogasilungshrognin, sem komið hafi í eldisstöð hans. Hann kveður hrognin hafa verið sett í klakskúffur í klakhúsinu og þess beðið, að þau klektust út, en síðan hafi seiðin verið sett í eldistjarnir. Stefnandi kveður hrognin hafa komið þrýðilega út og hafi ekki orðið vart neinna sjúkdóma í seiðum frá þeim. Eftir þetta kveðst stefnandi ekki hafa flutt regnbogasilungshrogn til landsins fyrir eldisstöð sína og því sé sá regnbogasilungur, sem hann hefur ræktað, kominn af þessari síðari sendingu regnbogasilungshrognna. Stefnandi kveðst hafa verið búinn að fá fyrirmæli um ræktun regnbogasilungsins, áður en hin skriflegu fyrirmæli bárust samkvæmt bréfi landbúnaðarráðuneytisins 15. júlí 1954, og kveðst hafa farið eftir öllum þeim reglum, sem ráðuneytið hafi sett. Stefnandi kveðst hafa talið, að allt tal um sjúkdóm í regnbogasilungsstofninum væri úr sögunni að loknum þeim rannsóknum, sem framkvæmdir voru af yfirdýralækninum að frumkvæði landbúnaðarráðuneytisins á árunum 1955 og 1956. Kveður hann sér hafa skilist, að þar með væri þetta mál úr sögunni. Stefnandi kveður engan sjúkdóm hafa komið upp í eldisstöð sinni, hvorki í regnbogasilungi né í öðrum fiski.

Krafa stefnanda er byggð á því, að synjun landbúnaðarráðu-

neytisins við umsókn hans um að mega flytja á brott 10000—15000 regnbogasilungsseiði og allt að 15000 uppalda regnbogasilunga 8—12 sm að stærð, sem Búðaós h/f óskaði að kaupa til eldis í eldisstöð sinni að Búðum, hafi ekki verið byggð á hlutlægum ástæðum og því ástæðulaus og beri stefnda því að bæta tjón, sem stefnandi hefur orðið fyrir af þeim sökum. Er því haldið fram í því sambandi, að skilyrðum þeim, sem ráðuneytið setti fyrir innflutningi hrognanna í upphafi, hafi verið fullnægt. Hafi stefnandi ekki fengið hrognin í sína vörslu, fyrr en nauðsynlegar sóttvarnaraðgerðir hafi verið framkvæmdar, sem að dómi þeirra, er gerst máttu vita, áttu að vera nægileg trygging fyrir heilbrigði hrognanna og hafi þeir sannfærst um, að hrognunum fylgdi ekki smitunarhætta. Er því haldið fram, að af hálfu ráðuneytisins hafi dr. Hermann Einarsson annast þennan þátt málsins. Er því haldið fram, að stefnandi hafi haft fullgilda ástæðu til að ætla, að er landbúnaðarráðuneytið veitti honum heimild til innflutnings umræddra hroгна til eldis, yrði ekki að ástæðulausu lagðar hömlur á eðlilega framleiðslu stöðvarinnar, þar á meðal sölu á lifandi fiski til ræktunar í ám og vötnum. Er því haldið fram, að á þessum grundvelli hafi stefnandi byggt upp eldisstöð sína, m. a. til að ala upp fisk til brottflutnings og eldis á öðrum eldisstöðvum, ám eða vötnum, og hafi engin fyrirstaða verið á flutningi íslenskra vatnafiska úr eldisstöðinni. Ræktun regnbogasilungs hafi í fyrstu mest megnis verið bundin við eldi til slátrunar og útflutnings, en eftir því sem tímar liðu og áhugi manna á fiskirækt hafi farið vaxandi, hafi einnig vaxið áhugi á því að fá regnbogasilung úr stöð stefnanda til eldis annars staðar. Hafi stefnandi talið áskilnað ráðuneytisins hverju sinni fyrir brottflutningi eldisseiða af regnbogasilungi fyrst og fremst formsatriði og meðal annars gerðan í þeim tilgangi að auðvelda stjórnvöldum að fylgjast með, hvert seiðin væru seld. Það hafi svo verið á árinu 1954, eftir að vaknað höfðu óljósar og örökstuddar grunsemdir veiðimálastjóra um, að fiskistofn stefnanda væri ekki heilbrigður, að landbúnaðarráðuneytið hafi hinn 15. júlí þ. á. sett stefnanda mjög strangar reglur um fiskeldi sitt. Er svo veiðimálastjóri hafi óskað eftir rannsókn á heilbrigði regnbogasilungs í eldisstöð stefnanda, hafi hann talað um að mæla með því, að banni við flutningi regnbogasilungs í eldisstöð stefnanda yrði aflétt, ef rannsóknin leiddi í ljós, að kýlaveiki eða aðrir hættulegir sjúkdómar leyndust ekki í fiskinum. Niðurstöður umfangsmikilla úrtaksrannsókna, sem fram hafi far-

ið af þessu tilefni á árunum 1955 og 1956, hafi verið þær, að ekki hafi fundist neinir smitberar í silungi þeim, sem rannsakaður var. Í samræmi við fyrri yfirlýsingar sínar hafi svo veiðimálastjóri lagt til við landbúnaðarráðuneytið hinn 9. júlí 1956, að banni við flutningi lifandi vatnafiska úr eldisstöðum yrði aflétt. Þrátt fyrir tillögu veiðimálastjóra hafi ráðuneytið tilkynnt stefnanda hinn 23. júlí 1956, að banni við flutningi íslenskra vatnafiska úr stöðinni væri aflétt, en jafnframt hafi verið tilkynnt, að eigi mætti flytja regnbogasilung úr eldisstöðinni, nema leyfi ráðuneytisins kæmi til hverju sinni. Hinn 21. júlí 1964 hafi svo stefnandi sótt um leyfi atvinnumálaráðuneytisins til að flytja á brott úr eldisstöð sinni 10000—15000 regnbogasilungsseiði og allt að 15000 alda regnbogasilunga 8—12 sm að stærð, er Búðaós h/f hafi óskað eftir að kaupa á árinu 1965, og síðan sama magn á næstu fjórum árum. Þrátt fyrir tillögur sínar á árinu 1956 hafi veiðimálastjóri nú séð ástæðu til að leggja til við landbúnaðarráðuneytið, að beiðni stefnanda yrði synjað, án þess þó að veiðimálastjóri hafi nokkurn tíma, frá því framangreindri rannsókn lauk, á árinu 1956, sýnt fram á með rannsóknum sínum, athugunum eða eftirliti á eldisstöðinni, að hann hefði nokkra ástæðu til rökstudds gruns um sýkingu eða smitun fiskistofns stefnanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að er stefnandi í upphafi sótti um leyfi til að flytja inn hrogn af regnbogasilungi, hafi hann skýrt frá því, að það væri gert með sölu á erlendum markaði í huga. Einnig hafi stefnandi tjáð sig reiðubúinn til að fara eftir fyrimælum, sem Atvinnudeild Háskólans eða veiðimálastjóri kynnu að vilja setja varðandi þennan atvinnurekstur. Það hafi verið stefna landbúnaðarráðuneytisins að taka enga áhættu í sambandi við það, að erlendar sóttir berist til landsins. Í umsögn Fiskildeildar Atvinnudeildar Háskólans hafi ekki verið talið, að vitað væri um sýkingarhættu í sambandi við innflutning regnbogasilungshrogna, en mælt hafi verið með ákveðnum varúðarráðstöfumum. Þá hafi Fiskideildin einnig að beiðni ráðuneytisins óskað eftir fullvissu um það hjá mag. Otterström, forstöðumanni Dansk Biologisk Station, að hrognum fylgdi ekki smithætta. Á þessum grundvelli hafi stefnanda verið veitt leyfi hinn 14. apríl 1951 til að flytja sendingu regnbogasilungshrogna til landsins til geymslu á einangruðum stað samkvæmt fyrimælum Fiskideildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands og í umsjá lögreglu. Stefnanda hafi svo verið heimilað að flytja í eldisstöð sína hrogn þau, sem honum hafi áð-

ur verið leyft að flytja í land, enda yrðu hrognin áður sóttþreinsuð samkvæmt fyrirætlum Fiskideildarinnar og þeim haldið einangruðum. Þar sem nú þessi hrognasending hafi farið forgörðum, hafi stefnanda hinn 16. apríl verið heimilað að flytja til landsins aðra hrognasendingu, enda yrðu hrognin geymd á einangruðum stað, þar til ráðuneytið ákvæði annað. Það hafi verið skilyrði fyrir þessu síðara leyfi, að hrognunum fylgdi erlendis frá vottorð um, að þau hefðu verið sóttþreinsuð, áður en þau voru afhent til flutnings hingað til lands, og enn fremur yrðu útveguð vottorð mag. Otterström um, að flutningi hrognanna til landsins fylgdi engin smitunarhætta. Um einangrun og geymslu hrognanna, eftir að til landsins kæmi, skyldi farið eftir fyrirætlum Atvinnudeildar Háskólans. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að umrædd hrognasending hafi aldrei verið í vörslum Fiskideildar, og þá hafi ráðuneytinu verið með öllu ókunnugt um, að þau vottorðin, sem voru skilyrði fyrir leyfisveitingunni, hafi nokkru sinni verið útveguð, en skeyti það, sem Hermann Einarssyni barst frá mag. C. Otterström, hafi ekki verið fullnægjandi, því skilyrði fyrir leyfisveitingunni hafi verið, að útvegað yrði vottorð frá þessum sérfræðingi um, að flutningi hrognanna fylgdi engin smithætta, og hafi það skilyrði verið sett, eftir að greint skeyti barst. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefnandi hafi ekki fullnægt skilyrðum þeim, sem ráðuneytið hafi sett fyrir innflutningi augnhrognanna, og sé sú vanræksla alfarið á ábyrgð stefnanda. Er þetta varð ljóst, hafi veiðimálastjóri og Veiðimálanefnd lagt til, að framkvæmd yrði leit að kýlaveikissmitberum í regnbogasilungi í eldisstöð stefnanda og hún einangruð á meðan. Rannsókn þessi hafi síðan verið gerð og hafi tölfræðilegur útreikningur sýnt, að líkindi til, að sýking væri á stöðinni, væri innan við 1%, en rannsókn þessi hafi á engan hátt útilokað, að kýlaveikissmitberar gætu samt sem áður leynst í regnbogasilungsstofninum. Einangrun stöðvarinnar hafi svo verið aflétt, en ítrekuð fyrirætlun ráðuneytisins í bréfi frá 15. júlí 1954 um varúðarráðstafanir og endurtekin fyrirætlun um, að ekki nægi að flytja á brott frá eldisstöðinni regnbogasilung nema með leyfi ráðuneytisins. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að synjun ráðuneytisins við umsókn seiða í eldisstöð Búðaóss h/f hafi verið byggð á hlutlægum ástæðum og því réttmæt.

Samkvæmt yfirlýsingum lögmannna fyrir dómi verður að líta svo á, að ekki sé nú unnt að afla frekari gagna um það, hvort vottorð þau, sem ráð var gert fyrir, að fylgdu regnbogasilungshrogn-

um þeim, sem stefnandi flutti til landsins og núlifandi regnbogasílungur í eldisstöð stefnanda er alinn af, raunverulega komu fram og hvers efnis þau þá hafi verið.

Hermann Einarsson, forstöðumaður Fiskideildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands, var landbúnaðarráðuneytinu til ráðuneytis varðandi umsókn stefnanda um innflutning á regnbogasilungshrognum. Taldi hann ástæðu til, að gerðar yrðu ákveðnar varúðarráðstafanir, sem raktar eru í bréfi hans frá 10. apríl 1951, ef ráðuneytið féllist á að leyfa innflutning hrognanna, þar til Veiðimálanefnd hefði sett ákveðnar reglur um innflutning lifandi hroгна vatnafiska. Hermann sendi sjálfur magister C. Otterström skeyti, þar sem hann óskaði eftir tryggingu gegn smithættu frá hrognunum, og barst svar við þeirri fyrirspurn, eins og rakið hefur verið. Hinn 16. apríl 1951 heimilaði ráðuneytið stefnanda innflutning regnbogasilungshroгна með þeim skilyrðum, sem rakin eru í bréfi ráðuneytisins. Ekki var það skilyrði samkvæmt bréfi þessu, að hrognin yrðu sóttthreinsuð eftir komuna til landsins, enda krafist vottorðs um, að þau hefðu verið sóttthreinsuð, áður en þau voru afhent til flutnings. Á þessum tíma voru í gildi lög nr. 11/1928 um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Var í lögum þessum bannað að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla, en atvinnumálaráðuneytinu heimilað að veita undanþágu frá banninu, enda setti það þá reglur hverju sinni í samráði við ráðunaut sinn í þeim efnum, er öruggar væru til varnar því, að alidýrasjúkdómar flyttust til landsins með þeim dýrum, sem innflutningur væri leyfður á. Ákvæði laga þessara tóku að vísu aðeins beint til spendýra og fugla, og ekki verður séð, að fyrir hendi hafi verið á þessum tíma sérstök ákvæði um þetta varðandi fiska (hrogn). Hefur ráðuneytið talið sig hafa heimild til að setja skilyrði við innflutning hroгна af sóttvarnarástæðum og það eigi vefengt af stefnanda, hvorki þá né síðar. Bauðst stefnandi og til að fara eftir þeim reglum, sem yfirvöld óskuðu að setja um atvinnugreinina. Hinn 15. júlí 1954 tilkynnti ráðuneytið stefnanda varúðarráðstafanir þær, sem það hafði ákveðið, að stefnanda bæri að beita við ræktun regnbogasilungs. Verður eigi annað séð en varúðarráðstafanir þessar byggist eingöngu á sóttvarnarsjónarmiðum. Á árinu 1954 virðist hafa komið fram ótti hjá opinberum aðiljum um það, að sóttvarnarráðstafana hafi ekki verið nægjanlega gætt við innflutning regnbogasilungshrognanna, og fóru fram á árunum 1955 og 1956 úrtaksrannsóknir á regnbogasilungi í eldisstöð stefnanda. Hefur gangur rannsókn-

anna og niðurstaða þeirra verið rakin hér að framan. Í málinu er fram komið vottorð Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis, sem mun hafa verið gefið í tilefni af útflutningi á regnbogasilungi úr eldisstöð stefnanda. Vottorð þetta, sem dagsett er hinn 26. maí 1971, er svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

„Undirritaður vottar hérmeð, að fiskirækt Skúla Pálssonar, Laxalón, í námunda við Reykjavík, hafi verið undir stöðugu eftirliti dýralæknis, og á þessum grundvelli er hægt að lýsa því yfir, að hún sé algerlega laus við „Egtved“ sjúkdóm (viral hæmorrhagisk septicæmi), smitandi pankreas nekrose (I.P.N.) og furunkulose (Aeromonas Salmonicida).

Ennfremur votta ég, að aðeins tvisvar hafi verið flutt inn regnbogasilungshrogn frá Danmörku, þ. e. árin 1951 og 1955. Fiskstofninn á Laxalóni stafar frá fyrri innflutningi. Annar innflutningur regnbogasilungs til Íslands hefur ekki átt sér stað.

Þau 70.000 regnbogasilungshrogn, sem nú er ætlað að flytja út til Noregs, hafa verið sóttthreinsuð í euflavinupplausn, 0,5%, að viðstöddum Sandholt, héraðsdýralækni, og búið hefur verið um þau á fiskiræktinni sjálfri.“

Stefnandi hefur fullyrt, að öllum skilyrðum, sem sett voru fyrir innflutningi regnbogasilungshrognanna, hafi verið fullnægt og séu sönnunargögn um það efni í vörslum þeirra opinberu aðilja, sem eftirlit höfðu með innflutningnum. Óvissan um það, hvort gætt var tilskilinna sóttvarnarráðstafana og annarra skilyrða við innflutning regnbogasilungshrognanna þeirra, sem regnbogasilungsstofn stefnanda er kominn frá, stafar af því, að ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um þetta frá þeim opinberu aðiljum, sem höfðu eftirlit með innflutningnum. Var þó ástæða til að afla allra tiltækra upplýsinga um þetta efni þegar á árinu 1954, er vafi virðist hafa risið um þetta. Niðurstaða rannsókna frá 1955 og 1956 sýndi með þeirri nákvæmni, sem eðlilegt var að gera kröfu til, að eigi var um að ræða sýkingu í eldisstöðinni af sjúkdómum þeim, sem rannsóknin beindist að. Með hliðsjón af þessu og vottorði Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis frá 26. maí 1971 verður að leggja á stefnda sönnunarbyrði um það, að skilyrðum þeim, sem sett voru af hálfu stjórnvalda við innflutning regnbogasilungshrognanna, hafi ekki verið fullnægt. Af hálfu stefnda hafa ekki verið færðar sönnur að þessu. Þá verður samkvæmt þessu einnig að leggja til grundvallar, að regnbogasilungsstofn stefnanda hafi árið 1964 ekki verið haldinn neinum þeim sjúkdómum, sem réttlætt hafi synjun stjórnvalda við brottflutningi regnbogasilungs-

seiða og regnbogasilungs úr eldisstöð stefnanda samkvæmt umsókn hans. Verður því að telja, að synjunin hafi ekki verið réttmæt. Verður því felld á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, sem stafar af þessari synjun.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda er byggð á því, að hann hafi í tvö ár misst af sölu silungsseiða til Búðaóss h/f og hefði söluverðmæti hvort ár numið kr. 119.250.00 að frádregnum kostnaði við eldi seiðanna. Nánari sundurliðun stefnanda á verði seiðanna og eldis-kostnaði hvort ár er þannig:

15000 silungsseiði 1 cm	kr. 150.000.00
15000 pokaseiði á kr. 600/- pr. 1000	— 9.000.00
	<hr/>
	Kr. 159.000.00
Kostnaður	— 39.750.00
	<hr/>
	Kr. 119.250.00

Sundurliðun kostnaðar:

Magn fódurs: 1 kg fisks á móti 1.3—2 kg fódurs.

Reiknað með hámarki meðaltalsþunga fisks 10 cm langs = 12 gr.

115.000 seiði því 180 kg fisks = 360 kg fódurs

á kr. 22.00

kr. 7.920.00

Vinna 20% af söluverði

— 31.800.00

Annar kostnaður

— 10.030.00

Kr. 39.750.00

Af hálfu stefnda er fjárhæð dómkröfu mótmælt sem of hárr.

Er því haldið fram, að ekki hafi komið fram nein sönnun fyrir sölumöguleikum á árunum 1965 og 1966. Er því mótmælt, að verðmæti seiðanna hafi verið svo mikið sem stefnandi heldur fram. Er því sérstaklega mótmælt, að kostnaður við eldi seiðanna hafi ekki verið meiri en kr. 39.750.00 .

Í málinu liggja fyrir upplýsingar á verði á bleikjuseiðum á árunum 1965 og 1966, sem alin höfðu verið, en ekki liggja fyrir upplýsingar um verð á kviðpokaseiðum af bleikju. Þá liggja fyrir upplýsingar um verð á laxaseiðum (alilaxi og kviðpokaseiðum) á árunum 1965 og 1966. Ekki liggur fyrir, að samið hafi verði um ákveðið verð á seiðum þeim, sem Búðaós h/f ætlaði að kaupa af stefnanda.

Það þykir verða að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess, að honum var meinuð sala á regnbogasilungsseiðum þeim, sem Búðaós h/f óskaði að kaupa, eins og fram kemur í bréfi stefnanda til atvinnuáráðuneytisins frá 21. júlí 1964. Hins vegar þykir ekki fram komið, að frekari sala á seiðum til Búðaóss h/f en í þetta eina skipti hafi verið slíkum fastmælum bundin, að stefnandi geti byggt bótakröfu á því. Samkvæmt þessu og þar sem útreikningi stefnanda á söluverði umræddra seiða og kostnaði við eldi þeirra hefur ekki verið hnekkt, verður hann lagður til grundvallar tjóni stefnanda. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 119.250.00 svo og 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá 1. október 1965 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi og dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Arinbirni Kolbeinssyni lækni og dr. Sigurði Péturssyni gerlafræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Skúla Pálssyni, kr. 119.250.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1965 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
